

hunda af bandormum o. fl. frá 15. marz 1897, svo og reglugerðir um breytingar á **45**
þeirri reglugerð frá 10. apríl 1905 og 9. maí 1908. **8. maí**

Þannig samþykkt á sýslufundi Norður-Ísafjarðarsýslu 6. apríl 1937.

Skrifstofu Ísafjarðarsýslu, 8. maí 1937.

Torfi Hjartarson.

A U G L Ý S I N G

46

19. jan.

um breyting á hafnarreglugerð fyrir Búðakauptún í Suður-Múlasýslu
frá 20. desbr. 1931.

1. gr.

d.-liður 8. gr. hafnarreglugerðarinnar orðist þannig:

Öll önnur skip, sem til hafnar koma, skulu greiða 10 aura af smálest hverri í fyrsta sinn, er þau koma á höfnina á ári hverju, en síðan 5 aura af hverri smálest í hvert sinn er þau koma á höfnina á því sama ári.

2. gr.

Fyrri málsgrein a.-liðs 9. gr. hafnarreglugerðarinnar orðist þannig:

Hvert skip, sem leggst við hafnarvirki eða bryggju, skal greiða bryggjugjald af nettóstærð skipsins, talið í heilum smálestum en brotum skal sleppa. Gjaldið skal greiða fyrir hvern $\frac{1}{2}$ sólarhring eða hluta af $\frac{1}{2}$ sólarhring, 4 aura af hverri smálest, þó aldrei minna en 2 krónur í hvert sinn. Minni skip en 12 smálestir skulu ekkert bryggjugjald greiða, en vera skyld til að víkja frá bryggju hvenær sem hafnarnefnd óskar þess.

Reglugerð þessi staðfestist hér með til þess að öðlast gildi 1. febrúar 1937 og birtist til efturbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 19. janúar 1937.

Haraldur Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.

S A M P Y K K T

47

10. maí

um eyðingu svartbaks (veiðibjöllu) í Strandasýslu.

1. gr.

Hreppsnefndir annast eyðingu svartbaks.

2. gr.

Svartbak skal eyða með skotum, eða á annan hátt, er ekki veldur fuglunum langvarandi kvala.

3. gr.

Hreppsnefndir skulu hver í sínum hreppi ráða svartbaksskyttur eftir þörfum og skal það tafarlaust gert, þegar samþykkt þessi hefir öðlazt gildi.